AUGLÝSING

um hættumat fyrir Bolungarvík.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 23. september 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Bolungarvíkur að hættumati vegna ofanflóða fyrir Bolungarvík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 729 24. september 2003

REGLUGERÐ

Hitaveitu Flúða.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Flúða og nágrennis er sjálfstætt fyrirtæki sem Hrunamannahreppur á og starfrækir, hér eftir nefnt hitaveitan.

2. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og sjá um gerð og rekstur hitaveitu á veitusvæðinu eftir því sem hagkvæmt þykir, reka aðveitur og orkudreifikerfi á starfsvæði sínu og annast sölu á varmaorku til notenda.

3. gr.

Orkuveitusvæði hitaveitunnar er Flúðir og þeir bæir sem aðveituæð hitaveitunnar fer um í Hrunamannahreppi og nágrannasveitum eftir nánara samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps og viðkomandi sveitarstjórna og sem ráðherra samþykkir.

Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu varmaorku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum hreppsnefndar en framkvæmdastjórn hennar skal falin veitustjórn ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af hreppsnefnd. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og hreppsnefndar. Í upphafi kjörtímabils kýs hreppsnefnd formann en á fyrsta fundi veitustjórnar fer fram kjör varaformanns og ritara.